

FUNDARGERÐ	Tilfni fundar <b>Fyrsti fundur allra vatnasvæðanefnda- kynning á stjórn vatnamála og hlutverki nefnda</b>		Síða 1 / 2
Dags. fundar 4. des 2023	Tími 13.00- 15.00	Staður Teams fundur	Nr. fundar 1
Fundarboðandi: Marianne Jensdóttir Fjeld	Fundarritari Hólmfríður Þorsteinsdóttir		
<p>39 nefndarmenn mættu á rafrænan fund ásamt starfsmönnum Umhverfisstofnunar: Marianne Jensdóttir Fjeld, Hólmfríður Þorsteinsdóttir, Lilja Ólafsdóttir og Halla Einarsdóttir.</p> <p>Fundarmenn mættir: Anna Karen S, Anton Helgason, Arnar Thor Stefánsson, Ásgerður Elín M, Ásmundur E. Þ, Ásrún Mjöll S., Bjarney Jónsdóttir, Bjarni Þór, Bragi Bjarnason, Brynhildur, Dóra Lind Pálmarsdóttir, Eva Guðbjartsdóttir, Gerður Stefánsdóttir, Halla Marta Árnadóttir, Hlynur Reynisson, Hörður Þorsteinsson, Höskuldur Þorbjarnarson, Hrefna Jóhannesdóttir, Ísleifur Jónasson, Jakob Björgvin J., Jón Snæbjörnsson, Lára Guðmundsdóttir, Lárus Heiðarsson, Margrét Melstað, Rut Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Smári B. Kolbeinsson, Smári Karlsson, Svava Svanborg Steinarsdóttir, Sveinn, Tómas Haukur Tómasson, Þórkatla Soffía Ó, Þorsteinn Narfason</p>			

<b>Efni dagskrár og punktar fyrir hvern lið</b>	
<p>Dagskrá Marianne og Hólmfríður kynntu:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Kynning á lögum um stjórn vatnamála (MJF)</li> <li>Kynning á vatnavefsja og vatn.is (HP)</li> <li>Álagsgreining og vöktun (HP)</li> <li>Stutt hlé</li> <li>Vatnaáætlun 2022 - 2027 og réttaráhrif hennar (MJF)</li> <li>Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot (MJF)</li> <li>Hlutverk vatnasvæðanefnda og stjórnsýsla vatnamála (HP)</li> <li>Vinnan og vörður framundan (HP)</li> <li>Umræður (allir)</li> </ol> <p>Spurningar og umræður</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Vangaveltur um mögulegt er álag vegna vatnstöku grunnvatns sem er oft á tíðum flókin, hver er raunveruleg magnstaða og hvar álagsmörkin liggja illa þekkt. Það getur verið áhyggjuvekjandi í sveitarfélögum þar sem stefnir í miklar framkvæmdir með talsverðir grunnvatntöku t.d. framkvæmdir sem eru að fara í gegnum umhverfsmat. Hvaða leiðir og lausnir eru framundan í þessu samhengi, má vænta þess að einhver þröskuldur / viðmið hvað varðar vatnstöku úr viðkomandi grunnvatnshloti þar sem gerð væri krafa um að</li> </ol>	

## Efni dagskrár og punktar fyrir hvern lið

grunnvatnsmódel / bætt grunnvatnsmódel liggja fyrir áður en frekari framkvæmdir liggja fyrir. Velt fyrir sér hvaða nálgun Umhverfisstofnun sjái fyrir sér til stuðnings þessu ferli.

Umhverfisstofnun fór yfir það að öll vinna við grunnvatnshlot er mjög stutt á veg komin heilt yfir landið og fara þarf í endurafmörkun grunnvatnshlota til að fá nákvæmari og betri uppskiptingu á landsvísu. Skoða þarf greiningu á álagi við þá afmörkun og samlegðaráhrif vatnstöku.

2. Spurning um skráningu og miðlun gagna til Umhverfisstofnunar - hvernig er best að gera það?

Skilagáttin er að klárast þ.e. það miðlæga kerfi sem öll gögn þurfa að fara inn í svo hægt sé að meta ástand og varpa því ástandi vatnavefsjáanna. Það er alltaf hægt að senda gögn líka á starfsmenn stjórnar vatnamála.

3. Umsagnir um Aðalskipulag og deiliskipulag - koma þau til UST?

Já, Umhverfisstofnun fær iðulega umsagnarbeiðnir um aðal-og deiliskipulög.

4. Eru hryggleysingjar eins og humar hluti af kerfi stjórnar vatnamála?

Nei þeir eru það ekki, Hafró sér um stofnstærðarrannsóknir. Fiskur er ekki gæðapáttur í strandsjó samkvæmt vatnatilskipun, eingöngu í ferskvatni (straum- og stöðuvötnum).

Aftur á móti eru botnlægir hryggleysingjar á mjúkum botni (önnur tegund hryggleysingja) hluti af kerfinu og eru gæðapáttur þegar meta skal ástand vatnshlota.

Næstu skref í vinnunni:

Vinna mun fara í það á þessu ári að safna upplýsingum um álag fyrir álagsgreiningu fyrir næstu vatnaáætlun á þessu ári. Ætlunin er að hitta allar vatnasvæðanefndirnar hverja fyrir sig á vormánuðum. Um væri að ræða heilsdags prógramm, hittast og fara vandlega yfir verkefni framundan.